

Hlíð – dagþjónusta

Markmið með samstarfi við eldri borgara

Örva samskipti milli elstu og yngstu kynslóðanna
Njóta félagsskapar og samvinnu hvors annars
Kynnast menningarheim hvors annars
Brúa kynslóðarbilin

Leiðir:

Hópur fjögurra ára barna og eldir borgarar á Hlíð, dagvistun hittast reglulega eða um það bil fjórum sinnum á ári, tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Á hverju hausti verður starfið metið eftir skólaárið og nýtt samkomulag gert fyrir næsta skólaár.

Lundarskóli

Markmið með samstarfi við Lundarskóla

Lög um leik- og grunnskóla, Aðalnámskrár og Skólastefna Akureyrarbæjar leggja áherslu á mikilvægi samfellu í uppeldi og menntun. Í Aðalnámskrá leikskóla og Aðalnámskrá grunnskóla sem komu út 2011 er lögð áhersla á að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu. Til að svo geti orðið er því afar mikilvægt að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum og þess sem unnið er að í grunnskólanum; að kröfur og væntingar í sambandi við vinnubrögð, nám og samskipti séu rædd og mótuð og séu öllum kunn. Ekki er átt við að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki öryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra. Í Aðalnámskrá leikskóla segir ennfremur: Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Einnig segir í Aðalnámskrám beggja skólastiganna: Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hver annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra. Samstarfsáætlun Lundarsels, Lundarskóla og Pálmholts byggir á þessum áherslum og er mikill áhugi og vilji innan skólanna að ná þeim markmiðum sem fram koma hér að ofan og fylgja samstarfsáætluninni sem eru leiðir að markmiðunum.

Leiðir:

Nokkur heimsóknir á milli skólastiga á ári = samstarfsáætlun 2019-2020 í vinnslu.

Slökkviliðið

Markmið með samstarfi slökkviliða og leikskóla

Að tryggja að eldvarnir í leikskólunum verði ávallt eins og best verður á kosið.

Að veita elstu börnunum fyrstu fræðslu um eldvarnir og kynna fyrir þeim störf slökkviliðsmanna og búnað.

Að minna foreldra og forráðamenn barnanna á mikilvægi þess að hafa eldvarnir heimilisins í lagi og veita þeim leiðbeiningar um hvernig ná má því marki.

Leiðir:

Við upphaf verkefnisins gera aðilar með sér samkomulag um eldvarnir og fræðslu og slökkviliðið afhendir ýmis gögn sem tengjast verkefninu. Slökkviliðið heimsækir leikskólann tvisvar sinnum á ári hverju, samkvæmt samkomulagi við leikskólann. Í fyrri heimsókn fara fulltrúar slökkviliðsins yfir ástand eldvarna með leikskólastjóra og öðru starfsfólki. Þegar verkefnið hefst með fyrstu heimsókn slökkviliðsins gera aðilar sem fyrr segir með sér samkomulag um eldvarnir og fræðslu. Þá afhendir slökkviliðið leikskólanum eftirfarandi gögn: Möppuna Eldvarnir í leikskólanum sem inniheldur ýmis gögn um verkefnið og eigið eldvarnaeftirlit. Veggspjald sem sýnir þau atriði sem aðgæta þarf mánaðarlega. Á því er gert ráð fyrir að merkt verði við þegar mánaðarlegt eftirlit hefur farið fram og hvenær rýmingaræfing var haldin. Nýtt veggspjald verður afhent árlega. Viðurkenningarskjöl fyrir öll börnin í elsta árgangi leikskólans hverju sinni.

Í síðari heimsókn hitta slökkviliðsmenn elsta árganginn á leikskólanum, ræða við börnin um eldvarnir, segja þeim frá starfi slökkviliðsmanna og sýna þeim ýmsan búnað. Þá afhendir slökkviliðið þessi gögn: Hvert barn fær möppuna Slökkviliðið mitt. Í henni eru verkefni fyrir börnin (sjá lýsingu síðar) og skilaboð til foreldra. Gert er ráð fyrir að börnin vinni verkefni á leikskólanum en taki möppuna svo með heim með viðurkenningarskjalinu í. Hlutverk leikskólans Gert er ráð fyrir að samkomulag um eldvarnir og fræðslu sé undirritað í fyrstu heimsókn slökkviliðsins og það fari á vegg við inngang á allar deildir leikskólans svo foreldrum sé ljós tilvist þess og geti kynnt sér efni þess. Samkvæmt samkomulaginu sér leikskólinn til þess að eldvarnir séu ævinlega í lagi. Í því skyni framkvæmir

leikskólinn eigið eldvarnaeftirlit mánaðarlega samkvæmt gátlista hér í möppunni. Ennfremur gerir leikskólinn rýmingaráætlun og æfir rýmingu árlega samkvæmt leiðbeiningum. Gert er ráð fyrir að börnin í elsta árganginum taki þátt í mánaðarlegu eftirliti ásamt starfsfólki, svo mörg hverju sinni að allir fái að taka þátt að minnsta kosti einu sinni. Æskilegt er að starfsfólk gangi áður úr skugga um að umrædd atriði séu í lagi. Þau fara síðan og aðgæta öll sex atriðin sem nefnd eru í gátlista og merkja jafnóðum við í gátlistann. Starfsmenn útskýra fyrir börnunum mikilvægi þess að umrædd atriði séu í lagi. Loks er merkt við í viðeigandi reit á veggspjaldinu til að staðfest að eftirlit hafi farið fram í viðkomandi mánuði. Veggspjaldið hangir uppi á áberandi stað á deildinni. Þegar starfsmenn slökkviliðsins heimsækja leikskólann öðru sinni og síðan árlega upp frá því sýnir leikskólinn fram á að mánaðarlegt eftirlit hafi farið fram og rýming hafi verið æfð á undangengnu ári, eða frá síðustu heimsókn. Ennfremur leggur leikskólinn þá fram umbeðin gögn. Þegar slökkviliðsmenn koma í síðari heimsókn sér leikskólinn um að börnin skilji og leysi verkefnið í möppunni Slökkviliðið mitt og taki hana síðan með sér heim til að sýna foreldrum og forráðamönnum. Áður en að þessari heimsókn kemur hefur leikskólinn ritað nöfn allra barnanna á viðurkenningarskjöl sem afhent eru í fyrri heimsókn.

VMA

Markmið með samstarfinu við VMA – rjúfum hefðirnar.

Að vettvangsferðir elstu barna í Lundarseli í VMA stuðli að jafnrétti kynjanna í menntun, starfsþjálfun og ráðgjöf, brjóta upp kynbundnar

Að fylgja lögum um að „nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi.“

Leiðir:

Heimsóknir á milli.

Lundarsels strákarnir kynna sér hársnyrtið og sjúkraliðabraut en á báðum námsbrautum hafa konur/stelpur verið í miklum meirihluta nemenda við VMA. Að sama skapi kynna stelpur af Lundarseli sér starfsemi námsbrauta þar sem karlar hafa verið í miklum meirihluta, raf- og málmíðnabraut. Bæði kynin fara þó inn á matvælabraut.

VMA nemendur koma og fylgja leikskólakennara eftir hluta úr degi – til að brjóta ef til vil upp kynbundnar staðalmyndir í náms- og starfsvali, vekja áhuga kvenna/stelpna á hefðbundnum karlastörfum og vekja áhuga karla/stráka á hefðbundnum kvennastörfum.

Tónlistaskólinn - söngvafljóð

Markmið með samstarfi við Tónlistaskólann:

Að auka tónlist í skólunum, styðja við ákvæði í aðalnámsskrá um list og verkgreinakennslu og auka sjálfstæði almennra kennara hvað miðlun tónlistar varðar. Brjóta upp skólastarf og auka samvinnu meðal kennara og tengingar þeirra út í samfélagið. Rannsaka áhrif samsöngs og innleiðingu tónlistar á skólamenningu, líðan nemenda og árangur.

Leiðir:

Söngvaflóð er samsöngur þar sem kennarar og nemendur hittast einu sinni í viku og syngja fjölbreytt lög, í margskonar stílum undir stjórn tónlistarkennara. Farið er yfir fjölbreytt efni og unnið með t.d. tungumálið, hreyfingu og ýmsan fróðleik í gegnum texta. Verkefnið gengur út á að gera börnin meðvitaðri um menningararfleið sína og tengja saman tónlist, hreyfingu og ljóð. Á vorönn hittumst við í menningarhúsinu Hofi og syngjum saman í Hamraborginni.